



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR um könnun á kennslu og námskeiðum við HÍ og meðferð hennar

Bls. 1 af 3

Ábm. ÞK/HP/IH
Samþ. í háskólaráði
8. apríl 2010
Málsnúmer:
HÍ10040005

1. Forsendur kennslukönnunar

Á hverju kennslumissemi skal fara fram mat nemenda á kennslu með könnun á kennslu og námskeiðum. Slík könnun, kennslukönnun, er liður í eftirliti með gæðum og kennslu námskeiða Háskóla Íslands sbr. 24. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, gilda um rafræna vinnslu upplýsinga sem til verða við fyrirlögn kennslukönnunar, en vinnslan er heimil skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna.

2. Markmið

Reglubundnar kennslukannanir eru hluti af formlegu gæðakerfi Háskóla Íslands. Tilgangur þeirra er að bæta kennslu og námskeið.


3. Gerð könnunar

Kennslumálanefnd og kennslusvið hafa umsjón með efni kennslukönnunar. Miðað skal við að kennslukannanir á hverjum tíma uppfylli alþjóðleg viðmið um gerð slíkra mælitækja. Endurmeta skal mælifræðilega eiginleika kannana á fimm ára fresti. Leggja skal sömu kennslukönnun fyrir í öllum deildum en þess skal gætt að útreikningar séu aðgreindir eftir námsstigi og hversu fjölmenn námskeið eru. Deildum er heimilt að vera með eigin kannanir til viðbótar við almenna könnun Háskólans. Kennslukönnun skal taka til þeirra þátta sem skipta máli í kennslu svo sem kennsluhætti, fræðilega hvatningu, viðmót kennara, skipulag námskeiða, vinnuálag, afrakstur námskeiða og framlag stúdenta. Kennarar skulu hafa tækifæri til að bæta eigin spurningum við almenna kennslukönnun Háskólans. Spurningar skulu vera hlutlægar og mega ekki vera leiðandi. Kennslusvið skal vera deildum og einstökum kennurum til ráðuneytis um gerð viðbótarkannana.

4. Framkvæmd

Kennslusvið og kennslumiðstöð hafa umsjón með framkvæmd könnunar í samráði við kennslumálanefnd og kennslunefndir fræðasviða. Stúdentum er óheimilt að hafa samráð um útfyllingu könnunar. Könnunin er rafræn og við vinnslu hennar skal gætt ákvæða reglna um öryggi persónuupplýsinga nr. 299/2001 og skal vinnslan tilkynnt til Persónuverndar. Óheimilt er að aðrir en skráðir stúdentar í námskeiði taki þátt í könnuninni. Tryggt skal vera að ekki sé hægt að rekja svör til einstakra nemenda.

Starfsmenn kennslumiðstöðvar á kennslusviði sjá um undirbúning og framkvæmd kennslukannana í samráði við deildarskrifstofur og Reiknistofnun HÍ. Öll námskeið í grunnnámi þar sem fleiri en sjö stúdentar eru skráðir til náms skulu metin á hverju missemi. Við það skal miðað að einungis þeir kennarar séu metnir sem standa fyrir a.m.k. þriðjungi hvers námskeiðs. Deildarskrifstofur skulu tilgreina hvaða kennara hvers námskeið eigi að meta.

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p>VERKLAGSREGLUR</p> <p>um könnun á kennslu og námskeiðum við HÍ og meðferð hennar</p>	<p>Bls. 2 af 3</p> <p>Ábm. ÞK/HP/IH Samb. í háskólaráði 8. apríl 2010 Málsnúmer: HÍ10040005</p>
--	---	---

Miðað er við að kennslukannanir séu gerðar á síðustu þremur kennsluvikum misseris og að fyrirlögn taki um það bil 10 til 15 mínútur. Þó er heimilt að haga framkvæmd könnunar með öðrum hætti ef skipulag kennslu krefst þess.

5. Úrvinnsla

Reiknistofnun forritar úrvinnslu kannana og skal framsetning miðuð við að kennarar fái sem skýrasta mynd af árangri sínum miðað við aðra kennara í viðkomandi námsgrein, deild, fræðasviði og Háskólanum í heild. Niðurstöðum skulu fylgja upplýsingar um fjölda skráðra stúdenta í námskeiði og fjölda svarenda.

6. Aðgangur að niðurstöðum


Allir sem hafa aðgang að tölvukerfi Háskólans hafa jafnframt aðgang að upplýsingasíðu um ópersónugreinanlegar niðurstöður kennslukönnunar þar sem hægt er að bera saman þrjár námsgreinar og velja deild til samanburðar. Jafnframt eru niðurstöður bornar saman við fræðasvið deildarinnar. Upplýsingar um þátttöku, fjölda svarenda og fjölda námskeiða í úrtaki komi fram. Forsetar fræðasviða, deildarforsetar og varadeildarforsetar og formenn námsbrauta hafa fullan aðgang að niðurstöðum kennslukönnunar um kennara þeirra eininga sem undir þá heyra. Umsjónarkennarar hafa aðgang að niðurstöðum um stundakennara sem kenna í námskeiðum sem þeir hafa umsjón með. Ef um þjónustukennslu er að ræða skal deildarforseti þeirrar deildar er kennslunnar nýtur einnig fá aðgang að niðurstöðum kannana um viðkomandi námskeið. Deildarforsetum er heimilt að óska eftir að einstakir starfsmenn hafi þjónustuaðgang að niðurstöðum viðkomandi deildar.

Dómnefndir vegna nýráðningar, ótímabundinnar ráðningar og framgangs akademískra starfsmanna geta óskað eftir skriflegum umsögnum deildarforseta um niðurstöður kennslukannana. Í slíkum tilvikum skal kennari ætíð frá afrit af umsögn um störf sín.

Þeir aðilar sem aðgang hafa að niðurstöðum kennslukannana sem persónugreinanlegar eru eftir kennurum eru bundnir trúnaði um einstakar niðurstöður. Kennslusvið ber ábyrgð á stýringu aðgangs að niðurstöðum kennslukönnunarinnar.

7. Formleg viðbrögð

Skylt er að ræða, a.m.k. einu sinni á kennslumisseri, ópersónugreinanlegan samanburð á niðurstöðum kennslukönnunar á opnum deildarfundum eða fundum námsbrauta þar sem nemendur eiga sína fulltrúa. Þar eru niðurstöður kennslukönnunar t.d. ræddar út frá settri kennslustefnu deildar svo og lokahæfniviðmiðum námsleiða. Kennslunefndir fræðasviða skulu meta hvort nauðsynlegt sé að deild setji sér sérstök markmið, endurskoði fyrri stefnu eða geri aðrar ráðstafanir til að bregðast við niðurstöðum. Jafnan skal hugað að þátttöku einstakra deilda og sett markmið um þátttöku á næsta misseri og leiðir að settum markmiðum skýrðar. Hvert misseri skal skoðað sérstaklega með

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p style="text-align: center;">VERKLAGSREGLUR um könnun á kennslu og námskeiðum við HÍ og meðferð hennar</p>	<p>Bls. 3 af 3</p> <p>Ábm. ÞK/HP/IH Samb. í háskólaráði 8. apríl 2010 Málsnúmer: HÍ10040005</p>
--	---	---

samanburði við fyrra ár og markmið deildarinnar. Deildir eru hvattar til að virkja nemendur og kennara til samræðu um ópersónugreinanlegar niðurstöður kennslukönnunar. Deild getur heimilað að fulltrúi stúdenta í námsnefnd komi í stað fulltrúa stúdenta á deildar- eða greinarfundi.

Í starfsmannasamtölum deildarforseta og kennara er skylt er að ræða niðurstöður kennslukannana og umsagnir kennara um eigin kennslu og námskeið. Í samráði við kennslunefnd hvers fræðasviðs skal deildarforseti leitast við að umbuna þeim sem fá bestu niðurstöður, jafnframt skal, í samráði við starfsmann, leita úrræða fyrir þá sem fá lakari niðurstöður.

8. Varðveisla og notkun niðurstaðna

Reiknistofnun geymir tölvuskrár með niðurstöðum kennslukannana. Hún ber ábyrgð á að óviðkomandi aðilar komist ekki í skrárnar og að þær séu varðveittar með tryggilegum hætti.